

UMHVERFISSTEFNA KÓPAVOGSBÆJAR

VIRÐING- VITUND- VELFERÐ

Kópavogur er bær, þar sem virðing er borin fyrir náttúruverðmætum og menningarminjum og hlúð er að fólki og umhverfi. Stefna Kópavogsbæjar er að vera til fyrirmyndar í umhverfismálum. Í Kópavogi skal sjálfbær þróun höfð að leiðarljósi við allar ákvarðanatökur, framkvæmdir, rekstur, innkaup og aðra starfsemi á vegum bæjarins. Sjálfbær þróun gerir okkur kleift að uppfylla þarfir okkar án þess að draga úr möguleikum komandi kynslóðar til að mæta sínum þörfum. Í hverju verkefni sem unnið er í anda sjálfbærrar þróunar skal huga jafnt að umhverfisþáttum, félagslegri velferð og hagrænum þáttum.

Markmið umhverfisstefnunnar:

- Kópavogur standi vörð um þær náttúru- og menningaminjar sem í bænum eru, opin svæði, líffræðilegan fjölbreytileika og sérkenni eldri hverfa.
- Íbúum sé tryggður aðgangur að hreinu vatni, hreinu lofti, náttúru og útivistarsvæðum.
- Við allar ákvarðanatökur, framkvæmdir, rekstur, innkaup og aðra starfsemi á vegum bæjarins skal leitast við að neikvæð áhrif á umhverfi, náttúru og íbúa séu í lágmarki. Leggja skal áherslu á vistvæn innkaup á vörum, þjónustu, framkvæmdum og ráðgjöf.
- Dregið verði úr hvers kyns sóun verðmæta, myndun úrgangs og stuðlað að endurnýtingu og endurvinnslu.
- Starfsmönnum bæjarins skal tryggð heilsusamleg og örugg starfsskilyrði.
- Stuðlað verði að vistvænum samgöngum, almenningsamgöngur eflar, svo og göngu- og hjóltreiarstígar í bænum.
- Þekking og vitund um umhverfismál og umhverfisvæna lífshætti verði augin með fræðslu til starfsmanna bæjarins, íbúa, og starfsmanna fyrirtækja í Kópavogi.

Umhverfisstefnan og framkvæmd hennar skal vera liður í daglegu starfi Kópavogsbæjar og stofnana bæjarins. Umhverfisstefnuna á að kynna fyrir starfsfólki, íbúum og starfsmönnum fyrirtækja í Kópavogi og birta opinberlega á vef Kópavogsbæjar.

Við framkvæmd stefnunnar skal leitast við að hafa jafnræði allra íbúa og jafnrétti að leiðarljósi og tryggja aðgengi fatlaðra sem ófatlaðra. Umhverfis- og samgöngunefnd Kópavogs ber ábyrgð á umhverfisstefnunni og vinnur hana í samvinnu við allar deildir og stofnanir bæjarins hvað varðar framkvæmd og eftirlit og í samráði við íbúa. Stefnan verði endurskoðuð á þriggja ára fresti.

Umhverfisstefna Kópavogsbæjar byggir á alþjóðlegum samþykktum, íslenskum lögum, reglugerðum, áætlunum um umhverfismál og stefnu bæjarstjórnar Kópavogs í umhverfismálum. Umhverfisstefnan nær yfir öll svið samfélagsins í Kópavogi og gildir fyrir Kópavogsbæ og stofnanir bæjarins. Íbúar, fyrirtæki og samtök í bænum eru hvött til að vinna að umhverfismálum og til umhverfisvænna lífshátta. Kópavogsbær vill stuðla að því að svo geti orðið m.a. með upplýsingagjöf og fræðslu.

Umhverfisstefnan er í samræmi við Aðalskipulag Kópavogs og er nánar útfærð í Staðardagskrá 21, sem er framkvæmdaráætlun um sjálfbæra þróun í Kópavogi. Haldið er grænt bókhald fyrir Kópavog og gefin út skýrsla árlega um stöðu umhverfismála í bænum. Við gerð áætlana um umhverfismál skal haft samráð við íbúa og hagsmunaaðila í bæjarfélaginu.

Umhverfisstefna Kópavogsbæjar samþykkt í bæjarstjórn Kópavogs 28. júní 2011.